

Hreppsnefnd Skorradalshrepps Fundur nr. 212

Fimmtudaginn 4. september 2025 kl. 17:00, hélt hreppsnefnd Skorradalshrepps fund á Hvanneyri. Þessir sátu fundinn: Pétur Davíðsson, Jón E. Einarsson, Guðný Elíasdóttir, Óli Rúnar Ástþórsson og Kristín Jónsdóttir.

Fundargerð ritaði: Pétur Davíðsson, hreppsnefndarmaður.

Þetta gerðist:

Almenn mál

1. Kerfisáætlun 2025-2034, umhverfismat áætlana - Mál nr. 2504009

Lagður fram tölvupóstur frá Hlín Benediktsdóttur um framkvæmdaráætlun kerfisáætlunar 25-34 sem send var til Raforkueftirlitsins 1. september sl. þar sem breytingar voru gerðar á tímalínu Holtavörðuheiðarlínu 1 og hún færð fyrir aftan Holtavörðuheiðarlínu 3. Samkvæmt framkvæmdaráætlun munu framkvæmdir hefjast í lok árs 2028 eða í byrjun árs 2029.

Lagt fram til kynningar. Vísað til Skipulagsnefndar.

2. Fjárhagsáætlun 2025 - Mál nr. 2409004

Lagður fram viðauki við fjárhagsáætlun fyrir árið 2025 og sérfræðiálit. Viðaukinn felur í sér annarsvegar:

Styrkur í málaflokki Æskulýðs- og íþróttamálum upp á 36.637.000,-
Styrkur í málaflokki Brunamál og almannavarnir upp á 2.000.000,-

Styrkurinn í málaflokknum æskulýðs- og íþróttamálum tengist væntanlegri afhendingu 40% eignarhlutar sveitarfélagsins í Laugarbúð, Hreppslaug þegar samningar og skilmálar liggja fyrir um afhendingu eignarhlutarins.

Styrkurinn í málaflokknum brunamál og almannavarnir tengist hugsanlegri fjárfestingu Björgunarsveitarinnar OK á Hvanneyri.

*KJ tók ekki þátt í afgreiðslu málsins.
Viðaukinn samþykktur af hreppsnefnd.*

3. Beiðni um fjárhagsstuðning vegna húsnæðisakaupa Bj.sv. OK - Mál nr. 2505009

Umræðu haldið áfram frá hreppsnefndarfundinum 16. júlí s.l.

Hreppsnefnd samþykkir ef verður af fjárfestingu Björgunarsveitarinnar OK á húsnæði á Hvanneyri þá verður veittur styrkur upp á 2.000.000.

Samþykkt í hreppsnefnd.

KJ vék af fundinum við afgreiðslu málsins.

- 4. Framlag til byggingar laugarhús Hreppslaugar.** - Mál nr. 2007003

Umræðu haldið áfram.

Oddvita falið vinna áfram að samningum á milli Ungmennafélagsins og sveitarfélagsins varðandi eignarhlut Skorradalshrepps í Hreppslaug.

Samþykkt.
- 5. Styrkbeiðni félags fósturforeldra** - Mál nr. 2509001

Lögð fram beiðni frá Félagi fósturforeldra um hóflegan styrk fyrir rekstri og þjónustu félagsins sem það veitir fósturforeldrum um allt land.

Ekki er hægt að verða við erindinu.
- 6. Kaldavatnsmál í Birkimóa** - Mál nr. 2509003

Vatnsbólið fyrir íbúðarhúsin í Birkimóa hefur þornað og þarf því að bregðast við þeim vanda.

Oddviti kynnti stöðu mála.

Oddvita og ÓRÁ falið að vinna að tillögum fyrir næsta fund.
- 7. Skólaakstur veturinn 2025-26** - Mál nr. 2507010

Lagður fram samningur um skólaakstur við Tryggva Val Sæmundsson.

Hreppsnefnd samþykkir samninginn.

KJ vék af fundi við afgreiðslu málsins.
- 8. Barnamenningarhátíð** - Mál nr. 2509002

Oddviti fer yfir stöðuna.

Hugmynd er að hafa viðburð í Hreppslaug í tengslum við Barnamenningarhátíð í samvinnu Ungmennafélagsins Íslending. Oddvita falið að vinna að málinu.
- 9. Erindi frá oddviti** - Mál nr. 2209014

Uppgreiðsla láns við Arionbanka.

Oddvita og PD falið að vinna að málinu fram að næsta fundi.
- 10. Íbúaskrá** - Mál nr. 2409006

Oddviti fór yfir stöðuna.
- 11. Framkvæmd íbúakosninga - sameining við Borgarbyggð** - Mál nr. 2508001

Lagður fram kjörseðill fyrir íbúakosningar vegna sameiningakosninga Borgarbyggðar - Skorradalshrepps

Kjörseðilinn lagður fram og samþykktur.

12. **Sameiginleg kjörstjórn Borgarbyggðar og Skorradalshrepps vegna sameiningarkosninga.** - Mál nr. 2508002

Farið yfir beiðni PD um afhendingu gagna vegna sameiningar viðræðna Borgarbyggðar og Skorradalshrepps. Samkvæmt tölvupósti frá Lilju Björg Ágústsdóttur mun taka smá tíma að fara í gegn um þær. Afgreiðsla gagnabeiðninnar verður unnin eins fljótt og auðið er og munu svör berast jafnskjótt og hver og einn aðili hefur tekið saman þau gögn sem beiðnin nær til.

Fundargerðir til kynningar

13. **Fundur verkefnahóps um formlegar sameiningarviðræður Borgarbyggðar og Skorradalshrepps** - Mál nr. 2404011

Lögð fram fundargerð nr. 11

14. **Sameiginleg kjörstjórn Borgarbyggðar og Skorradalshrepps vegna sameiningarkosninga.** - Mál nr. 2508002

Lögð fram fundargerð nr. 6

**Fleira ekki gert.
Fundi slitið kl. 19:40.**

Pétur Davíðsson

Jón E. Einarsson

Guðný Elíasdóttir

Óli Rúnar Ástþórsson

Kristín Jónsdóttir